

Minnisblað um áhersluatriði

Dagsetning:	22. október 2021
Verkkaupi:	Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður
Efni:	Áhersluatriði Skagfirðinga í samskiptum við alþingi og ríkisstjórn. Drög til umræðu á íbúafundum.
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd
Höfundur:	Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir, RR ráðgjöf

Aðdragandi

Á fundi samstarfsnefndar þann 14. október sl. voru tækifæri og framtíðarsýn mögulega sameinaðs sveitarfélags í Skagafirði rædd nánar. Nefndin fór yfir áherslumál og hagsmuni svæðisins gagnvart ríki og þingi og sammældist um að leggja áherslu á þrjú verkefni sem nánar er fjallað um hér að neðan.

Kjálkabru

Hugmyndir um gerð brúar yfir Héraðsvötn við Flatatungu á Kjálka hafa lengi verið uppi. Tillaga til þingsályktunar um gerð brúarinnar var lögð fram á Alþingi 8. desember 1994.¹ Vegagerðin skilaði umsögn um umrædda tillögu þar sem m.a. kemur fram að aðstæður til vegagerðar á svæðinu væru frekar góðar auk þess sem kostnaður við vegagerð gæti legið á bilinu 150-250 m.kr. en þar af væri brúarkostnaður 60-100 m.kr.² Tillagan náði ekki fram að ganga.

Þann 23. október 2018 skilaði Sveitarfélagið Skagafjörður inn umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun 2019-2023 og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2019-2033.³ Þar var m.a. gerð athugasemd við að umrætt verkefni, ný brú yfir Héraðsvötn, væri ekki að finna í tillögunni enda mikill ávinningur af því að verkefnið komist sem allra fyrst til framkvæmda.

Að mati samstarfsnefndarinnar er mikill einhugur íbúa á svæðinu fyrir því að verkefnið komi til framkvæmda. Brúin myndi tengja saman framhérað Skagafjarðar sem vafalaust nýtist bæði framhéraðinu og öllu samfélagi Skagafjarðar mjög vel. Ekki hefur verið fundin endanleg staðsetning fyrir brúna en verkefnið er þó að finna í aðalskipulögum beggja sveitarfélaga⁴.

Meginmarkmið:

- Samráð við Vegagerðina.
- Koma verkefninu inn á samgönguáætlun og hefja hönnun.
 - Gera verkefnið að Áhersluverkefni SSNV í samgöngumálum (samgöngu- og innviðaáætlun Norðurlands vestra)

¹ Tillaga til þingsályktunar [<https://www.althingi.is/altext/pdf/118/s/0321.pdf>]

² Umsögn Vegagerðarinnar [<https://www.althingi.is/altext/erindi/118/118-1123.pdf>]

³ Umsögn Sveitarfélagsins Skagafjarðar [<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-242.pdf>]

⁴ Aðalskipulag Akrahrepps 2010-2022

[<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=01634425279259481250>]

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021

[<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=29634765609737173014>]

- Nýta framkvæmdina til að skapa áningarstað fyrir ferðamenn.

Atvinnuþróun

Mikið var fjallað um atvinnuþróun í Skagafirði á fundi samstarfsnefndarinnar. Ákveðið var að leggja áherslu á þann málaflokk en þar undir gætu fallið fleiri undirverkefni sem geta skapað tækifæri fyrir samfélagið í Skagafirði að mati nefndarinnar. Helstu verkefni gætu annars vegar snúið að Rannsóknar- og frumkvöðlamiðstöð og hins vegar að sögu- og menningartengdri ferðaþjónustu.

Rannsóknar- og frumkvöðlamiðstöð landbúnaðar í Skagafirði

- Koma upp aðstöðu til nýsköpunar og þróunar, byggða á sérstöðu Skagafjarðar. Nýta tækifæri í nýrri tækni, svo sem á sviði frostþurrkunar.
- Skapa aðstöðu eða vettvang fyrir fólk til að vinna sínar eigin vörur. Beint frá býli.
- Leitað verði samstarfs við aðila í sambærilegum verkefnum.
- Stuðla að sjálfbærni í rekstri og auka verðmæti og virðisauka í landbúnaði.
- Rannsóknir sem snúa að riðuveikivörnum og viðbragði.

Sögu- og menningartengd ferðaþjónusta

- Skapa skýran farveg eða form fyrir þróun og uppbyggingu.
 - Sturlungasögu - Kakalaskáli
- Styrkja tengsl sveitarfélagsins og Hólaskóla í sögutengdri ferðaþjónustu og til rannsókna.
 - Hólastaður er á norðurstrandarleiðinni
- Byggðasafn Skagfirðinga er í sameiginlegri eign sveitarfélaganna
 - Landnámskáli í Glaumbæ

Menntasókn í Skagafirði

Að mati nefndarinnar eru tækifæri til að efla og styrkja menntun á svæðinu. Öflugt skólastarf er í Skagafirði en tækifæri eru til að efla það enn frekar, þá sérstaklega Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Háskólann á Hólum.

Stækkun FNV

- Samstaða meðal sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra.
- Frumhönnun og kostnaðarmat liggja fyrir.
- Ingileif skólameistari með hugmyndir
- Er til umfjöllunar í MRN. Forathugun er að ljúka.

Háskólinn á Hólum

- Tryggja þarf áframhaldandi vöxt háskólans í alþjóðlegum stafrænum heimi. Nýta stafræna möguleika til að sækja fram og efla námið. Fjölga nemendum í fjarnámi.
- Þrjár deildir eru í Háskólanum á Hólum. Tvær deildanna eru með grunnnám í fjarnámi með staðbundnum lotum. Framhaldsskólanemar dvelja ýmist á staðnum eða á öðrum slóðum.